

**SVAR VIÐ FYRIRSPURN****Viðtakandi:** Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð**Sendandi:** Menningar- og ferðamálasvið

Svar við fyrirspurn menningar-, íþróttá og tómstundaráðs sbr. 7. lið fundargerðar 82. fundar ráðsins 14. nóvember 2022, um þróun á fjölda umsókna og árangurshlutfalls styrkjapotts

Á 80. fundi menningar-, íþróttá og tómstundaráðs þann 10. október 2022 var lögð fram og kynnt skýrsla um greiningu á styrkjapotti ráðsins út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar, hún er hér hjálögð. Á bls. 16 og 17 í skýrslunni má sjá tölfræðileg gögn um styrkveitingar ráðsins árin 2019-2022, hér fyrir neðan eru birt þau gögn sem beðið var um, en sjá má ítarlegri greiningu í skýrslunni.

	2019	2020	2021	2022	Meðaltal
Fjöldi umsókna	159	227	180	150	179
Fjöldi veittra styrkja	74	89	84	55	76
Árangurshlutfall	47%	39%	47%	37%	42%

	2019	2020	2021	2022	Meðaltal
Meðalupphæð veittra styrkja	604.253	454.109	459.771	719.013	559.286

Árangurshlutfall umsókna lækkaði árið 2022 samhliða ákvörðun fagráðsins að veita færri og hærri styrki eins og sjá má á meðalupphæð úthlutunar. Ákvörðun faghópsins byggði á gagnrýni sem kom fram í samráði um þróun nýrrar menningarstefnu.

Tekið skal fram að sérstakir styrkir vegna heimsfaraldurs Covid-19 eru ekki taldir með í þessum gögnum.

Virðingarfyllt,

Huld Ingimarsdóttir

starfandi sviðsstjóri
menningar- og ferðamálasvið

September 2022

STYRKVEITINGAR

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNДАРÁÐS

2019 - 2022

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun

Menningar- og ferðamálasvið

Rannsókn á umsóknum og styrkveitingum menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar til að kanna hvort kynjahalli sé til staðar í styrkveitingum ráðsins og hvað gera megi til úrbóta sé því þannig varið.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Markmið	3
Almennt um styrkveitingarnar, umsóknar- og úthlutunarferlið	3
Aðferð rannsóknar	4
Samantekt á niðurstöðum.....	5
Tillögur að aðgerðum.....	6
Niðurstöður.....	8
Kynjahlutfall styrkja	8
Mögulegar skýringar á kynjahalla	10
Hlutfall starfandi listafólks og styrkja til mismunandi listgreina	10
Hlutfall þeirra sem starfa í menningargeiranum utan listamanna	12
Faghópur.....	13
Umsóknarform.....	13
Auglýsingar	14
KFS greining á styrkveitingum 2012.....	14
Niðurstöður 2012.....	14
Aðgerðir	14
Greining út frá öðrum þáttum mannréttindastefnunnar en kynjum	15
Talnegögn	16

Inngangur

Verkefnið fólst í því að rannsaka, með hliðsjón af kyni umsækjenda, allar umsóknir um styrki sem sótt var um til borgarsjóðs, svokallaðan styrkjaþott, vegna menningarmála fyrir 1.-5. október ár hvert í fjögur ár og styrkveitingar í kjölfar þeirra. Gott væri að geta greint eftir fleiri fleiri þáttum s.s. tungumáli og uppruna, en bæta þarf bakgrunnspurningar í umsókn svo það verði hægt í framtíðinni. Greiningin var gerð með áherslur Reykjavíkurborgar í jafnréttismálum og mannréttindastefnu borgarinnar til hliðsjónar. Rannsakaðar voru styrkveitingar vegna árána 2019-2022. Undanskildir voru; sérstakir styrkir veittir árið 2020 sem viðspyrna við áhrifum heimsfaraldurs Covid-19, samstarfssamningar, föst framlög í fjárhagsramma sviðsins, s.s. til Leikfélags Reykjavíkur, Hörpu, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listahátíðar í Reykjavík og styrkir vegna innri leigu s.s. Korpúlfsstaðir, Tjarnarbió og Iðnó.

Verkefnið vann Signý Leifsdóttir, hópstjóri KFS á MOF í samráði við starfshóp MOF um KFS, Maríu Rut Reynisdóttur skrifstofustjóra menningarmála og starfandi sviðsstjóra MOF Huld Ingimarsdóttur, sem bar ábyrgð á verkefninu.

Markmið

Markmið verkefnisins var að kanna hvort kynjahalli væri í styrkveitingum menningar-, íþrótt og tómstundaráðs í árlegum úthlutunum úr borgarsjóði og gera tillögur að því hvernig unnt væri að jafna mun kynjanna og/eða halda jafnræði milli kynja í styrkumsóknum og styrkveitingum. Einnig að skoða hvort styrkir og ferlið í kringum þá stuðlaði að jafnrétti í víðu samhengi sbr. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmið menningarstefnu borgarinnar að auka aðgengi og inngildinguna í menningu borgarinnar.

Jafnréttismarkmið verkefnisins voru þau að kynin eigi að hafa jafna möguleika á styrkveitingum til verkefna og starfsemi á sviði lista og menningar.

Almennt um styrkveitingarnar, umsóknar- og úthlutunarferlið

Styrkir menningar-, íþrótt og tómstundaráðs til lista og menningar, úr styrkjaþotti, byggja á umsóknum um styrki sem skrifstofa borgarstjórnar auglýsir að hausti ásamt öðrum styrkjum borgarinnar í tengslum við fjárhagsáætlanagerð komandi árs. Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi, eins og segir í reglum þar um. Mikilvægt er að hafa í huga að helsta markmið styrkja menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs er að „stuðla að eflingu listgreinanna á þeirra eigin forsendum“ sbr. menningarstefnu borgarinnar.

Í byrjun september ár hvert auglýsir borgin sameiginlega fyrir öll svið eftir umsóknum og er tekið við umsóknum í Rafrænni Reykjavík. Þær umsóknir sem umsækjandi hefur merkt til menningarmála eru sendar yfir til menningar- og ferðamálasviðs. Úrvinnsla umsókna til menningarmála, gerð ítarlegri heildaryfirlita og eftirfylgni er á ábyrgð skrifstofustjóra menningarmála.

Ákvörðun um styrkveitingar til menningarmála er í höndum menningar-, íþrótt og tómstundaráðs. Ráðið setur sér verklagsreglur árlega að hausti, verklagsreglurnar byggja m.a. á styrkjareglum borgarinnar, menningarstefnu, mannréttindastefnu og annarri stefnumörkun borgarinnar.

Ráðið skipar faghóp að hausti til að fara yfir styrkumsóknir til menningarmála. Skv. fyrrnefndum verklagsreglum er óskað eftir tilnefningu frá Bandalagi íslenskra listamanna (BÍL) um átta einstaklinga, fjóra aðalmenn og fjóra varamenn og tilnefningu aðalmanns og varamanns frá Hönnunarmiðstöð Íslands. Faghópurinn hefur verklagsreglurnar og áherslur ráðsins til hliðsjónar. Undanfarin ár hefur ráðið farið alfarið eftir tillögum faghópsins. Áður en styrkurinn er greiddur út þarf styrkhafi að undirrita staðfestingu á að af verkefninu verði. Síðan þarf hann að senda greinargerð um nýtingu styrkfjár er verkefni lýkur og endurgreiða ef ekki verður af því.

Aðferð rannsókna

Til að kanna hvort kynjahalli sé í styrkveitingum menningar-, íþróttar og tómstundaráðs lá fyrir að kyngreina styrkumsóknir og styrkveitingar ráðsins árin 2019 – 2022. Miðað var við ákvörðun ráðsins um úthlutanir, en nokkuð er um að einhver verkefni falli niður og þá breytist örlítið upphæðin. Til þess að greiningin endurspegli vilja ráðsins eru þau verkefni sem falla niður höfð með í öllum tölum og útreikningum, en sjá má raunúthlutun í töflu 7.

Í rannsókninni var einungis litið til tveggja kynja. Lög um kynrænt sjálfræði voru samþykkt á Alþingi í júní 2019 og borgin hafði ekki aðlagð styrkjaumsóknina að þeim. Umsóknarferli og -kerfi styrkja borgarinnar voru í endurskoðun þegar þessi skýrsla var skrifuð.

Í umsóknarformi Borgaráðs eru umsækjendur ekki beðnir um að tilgreina kyn og var því einungis hægt að draga ályktun út frá nafni umsækjanda, en gert er ráð fyrir að nafn umsækjanda endurspegli kyn umsóknaraðila í langflestum tilvikum þau ár sem voru til skoðunar. Umsækjendur eru beðnir um nafn þrisvar í umsóknarforminu undir heitunum: sendandi, umsækjandi og ábyrgðaraðili. Mjög misjafnt er milli umsækjenda hvernig þeir skilja hvar ber að setja inn heiti einstaklingsins sem fyllir út umsóknarformið og hvar beri að setja inn heiti félags eða hóps ef við á. Því var ákveðið að skoða alla þessa reiti og ef um félag eða hóp var að ræða í einhverjum af þessum reitum var umsóknin flokkuð sem félag.

Einnig voru skoðaðar upplýsingar um hver hefur helst hag af umsókninni og hverjir vinna að verkefninu, upphæðir styrkja og árangurshlutfall eftir kynjum.

Þá voru niðurstöður bornar saman við niðurstöður rannsóknar á styrkjum frá árinu 2012 sem skoðaði sömu styrkveitingar árin 2007 til 2011.

Til að kanna hvað gæti haft áhrif á eða útskýrt kynjahlutfall var litið til auglýsinga, umsóknar-eyðublaðs, umsóknarferlis, verklagsreglna, skipan fagráðs, fjölda listamanna eftir listgreinum í Bandalagi íslenskra listamanna, skiptingu styrkja eftir listgreinum og fjölda annarra en listamanna sem starfa í menningargeiranum.

Samantekt á niðurstöðum

Það hallar á karlmenn í úthlutunum MÍT til menningar- og lista árin 2019 til 2022. Flest verkefni hagnast báðum kynjunum jafnt, þó hallar þar aðeins á karlmenn. Konur eru líklegri en karlar til að vinna að verkefnum sem eru styrkt, en meirihluti verkefna eru með jöfn kynjahlutföll. Árangurshlutfall er jafnt á milli kynja.

Út frá tölum um hlutfall þeirra sem störfuðu í menningargeiranum utan listamanna mætti teljast eðlilegt að fleiri konur sæju um að fylla út umsóknina. Ekki tókst að finna aðrar haldbærar eða augljósar skýringar á því hver rót kynjahallans var, en mögulega gæti áhersla á að styrkja viðburði en ekki sköpun skýrt hluta hallans.

Árin 2019 til 2022 fóru langflestir styrkir menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs til félagasamtaka, eða 62%, en þegar litið er til styrkja til einstaklinga hallaði á karla bæði hvað varðar fjölda umsókna og fjölda úthlutaðra styrkja til lista og menningar úr borgarsjóði á vegum menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs. Mestur var munurinn árið 2019 þegar 20% veittra styrkja til einstaklinga fór til karla og 80% til kvenna, en minnstur munur árið 2022 þegar 39% styrkja til einstaklinga fór til karla og 61% til kvenna. Langflestir styrkir fóru til félaga eða hópa eða að meðaltali 62%. Veittir styrkir eru í samræmi við hlutfall umsókna, en árangurshlutfall er hæst meðal félaga að meðaltali 51%. Árangurshlutfall milli kynja sveiflast aðeins á milli ára, en er að meðaltali 33% hjá körlum og 34% hjá konum.

Þetta var mikil breyting frá árinu 2012 þegar skoðuð voru árin 2007-2011 þar sem hlutur karla og kvenna var nokkuð jafn þó var hlutfallið farið að breytast í átt að auknum úthlutunum til kvenna árið 2011.

Þar sem stærsti hluti veittra styrkja fór til félaga og ekki var hægt að kyngreina þann hóp þótti gott að horfa frekar til spurninga um hverjir hefðu helst hag af styrknum, en sú spurning nær til allra umsækjenda, líka félaga. Flest verkefni högnuðust báðum kynjum jafnt, eða að meðaltali 81%, 17% verkefna högnuðust fleiri konum en körlum, en einungis 2% verkefna högnuðust fleiri körlum en konum.

Mun fleiri konur en karlar unnu að þeim verkefnum sem voru styrkt og mun fleiri verkefni voru styrkt þar sem konur höfðu hag af verkefnum en karlar. Út frá tölum um hlutfall þeirra sem störfuðu í menningargeiranum utan listamanna mætti teljast eðlilegt að fleiri konur sæju um að fylla út umsóknina. En hlutfall þeirra sem höfðu hag af styrkjum og hlutfall styrkja til einstaklinga er ekki hægt að réttlæta, þar sem einstaklingarnir voru flestir listafólk þar sem kynjahlutfall er jafnt skv. félagsaðild í BÍL. Ekki tókst að finna aðrar haldbærar eða augljósar skýringar á því hver rót kynjahallans var.

Við skoðun á skiptingu listamanna og styrkja milli listgreina var ekki hægt að bera hana saman við hlutfall milli listafólks í mismunandi félögum BÍL vegna vankanta á gagnasöfnun. Bent var á að konur í sviðslistum og tónlist virðast oftara vera flytjendur og karlar í sköpun, sbr. fjölda leikstjóra og tónskálda miðað við fjölda t.d. dansara, leikara og tónlistarflytjenda. Flestir styrkir borgarinnar úr styrkjaúthlutun borgarsjóðs að hausti voru viðburðatengdir og hefur borgin ekki lagt áherslu á að veita styrki úr þeim sjóði til að skapa eða panta listaverk, heldur hefur borgin

frekar styrkt lokaafurðina s.s. sýningu, tónleika, hátíðir o.s.frv. Í því ljósi væri ef til vill gott að skoða hvort tilefni sé til þess að borgin opni frekar fyrir að styrkja sköpun og pantanir á list.

Því miður var gagnasöfnun á umsóknum ábótavant svo hvorki var hægt að greina styrkveitingar borgarinnar út frá fleirum kynjum né út frá öðrum þáttum mannréttindastefnu borgarinnar en kyni. Settar voru fram tillögur að breytingum á styrkjaferlinu til að styðja við aukinn fjölbreytileika og greiningar þar á.

Tillögur að aðgerðum

Lagt er til að:

Gagnasöfnun og umsóknarform

- í umsóknarformi verði umsækjendur beðnir um að tilgreina kyn umsækjanda ef um einstakling er að ræða og að gert sé ráð fyrir fleiri en tveimur kynjum.
- í umsóknarformi verði umsækjendur beðnir um gögn er varða aðra þætti mannréttindastefnunnar s.s. uppruna.
- að settar verði mismunandi kröfur um að umsækjendur skili inn jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu í umsókn út frá umsótri upphæð styrks. Þá verði einungis fjöldavalmöguleika spurningar hjá þeim sem sækja um lægri upphæðir til að auðvelda tölfraðilega greiningu og til að auðvelda umsóknarferli og þar með aðgengi allra að umsókninni, en gerð verði krafa um jafnréttis- og mannréttindastefnu hjá stærri verkefnum s.s. hátíðum.
- að staðla greiningu faghóps um flokkun styrkja eftir listgreinum.
- að faghópur skili af sér skiptingu styrkja til einstaklinga eftir kynjum líkt og hann gerir nú varðandi listgreinar.
- að ef umsækjandi er félag sé beðið um nafn og kyn formanns / framkvæmdastjóra / listræns stjórnanda félagsins, svo unnt sé að kyngreina umsóknir frá félögum.
- að umsóknarform sé á fleiri tungumálum en íslensku.

Auglýsing um styrki

- að orðalagi í auglýsingu um styrki sé breytt þannig að ekki sé talað um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun og mannréttindastefnu borgarinnar, heldur almennt um jafnrétti og mannréttindi, svo augljósara verði fyrir umsækjendur hvert markmið borgarinnar er.

Verklag við úthlutanir

- í endurskoðun á styrkjum verði skoðað betur hvort tilefni sé til þess að borgin opni fyrir að styrkja sköpun í úthlutun styrkja úr borgarsjóði að hausti og leggi minni áherslu á viðburði.

Aðgerðir úr aðgerðaáætlun menningarstefnu borgarinnar sem snúa að styrkjaferli og styrkþegum undir markmiðunum „4. Menning og listir í Reykjavíkurborg eru inngildandi og aðgengilegar öllum“ og „6. Listir eru mikilvæg atvinnugrein í Reykjavíkurborg“ sem styðja við markmið þessarar rannsóknar.

- **Fræðsla til sjálfstæðu senunnar um aðgengi, inngilding, sjálfbærni og menningarstefnu.** Fræðsla til skapandi framleiðanda og sjálfstætt starfandi listafólks sem fær stuðning frá Reykjavíkurborg um markmið menningarstefnunnar, inleiðingu gátlista mannréttindastefnu og sjálfbærnimarkmiða.

- **Fræðsla og stuðningur um menningarstyrki.** Veittur er stuðningur og fræðsla um hvernig hægt er að sækja um styrki til borgarinnar. Sérstaklega er horft til að styðja við þá sem tilheyra viðkvæmum og jaðarsettum hópum sem þurfa stuðning t.d. vegna reynsluleysis, tungumáls eða þroskaskerðingar.
- **Endurskoðun á styrkjum til menningarmála.** Styrkir til menningarmála endurskoðaðir út frá athugasemdum úr samráði um menningarstefnu.
- **Umbætur á umsóknarkerfi styrkja.** A. Gera þarfagreiningu og umbætur á umsóknarvef og upplýsingum um styrki á vef. Skoða út frá markmiðum menningarstefnu, aðgengi ólíkra hópa, nothæfi og gagnasöfnun. B. Safna greinandi gögnum um styrkþega, athuga hver er útundan og vinna aðgerðaáætlun til að ná betur til þeirra hópa.
- **Gátlisti og leiðbeiningar um aðgengi og inngilding á viðburðum.** Klára gátlista vegna skipulagningu viðburða út frá mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem stofnanir, viðburðir og borgarhátíðir nýta. Aðgengilegt öllum og sent á þau sem fá styrk frá borginni.


Niðurstöður

Kynjahlutfall styrkja

Árin 2019 til 2022 hallaði töluvert á karla í fjölda úthlutaðra styrkja til lista og menningar á vegum borgarinnar, þegar horft er til veittra styrkja til einstaklinga, en hlutfallið minnkaði með árunum. Mestur var munurinn árið 2019 þegar 20% veittra styrkja til einstaklinga fór til karla og 80% til kvenna, en minnstur munur árið 2022 þegar 39% styrkja til einstaklinga fór til karla og 61% til kvenna. Langflestir styrkir fóru til félaga eða hópa, eða að meðaltali 63%. Ekki var unnt að kyngreina umsóknirnar og veitta styrki til félaga þar sem gögnin sýndu t.d. ekki stjórnarformenn eða framkvæmdastjóra félaganna og mikil vinna hefði verið að kalla eftir eða leita að þeim gögnum.

Upphæðir úthlutana voru jafnar á milli kynja, en félög fengu almennt mun hærri styrki. Karlar fengu að meðaltali 481.000, konur 484.000 og félög 713.000.


Mynd 1



Í öllum umsóknum er spurt um hverjir hafa helst hag af styrknum út frá kynjum og gefa því svör við þeirri spurningu betri mynd á heildina.


Sami kynjahalli og sást í veittum styrkjum kom einnig fram í svörum umsækjenda um hverjir hefðu helst hag af styrknum. Flest verkefni, eða að meðaltali 81%, högnuðust báðum kynjum jafnt, en á bilinu 15-20% verkefna högnuðust aðallega konum eða fleiri konum en körlum. Einungis 1-3% verkefna högnuðust aðallega körlum eða fleiri körlum en konum.

Mynd 2




Þegar litið var til fjölda umsókna sást að mun færri karlar sóttu um styrk vegna menningar og lista til borgarsjóðs en konur. Árið 2022 voru 10% umsókna frá körlum, en 33% frá konum. Þegar litið er til árangurshlutfalls (sjá töflu 6) er ekki mikill munur á milli kynjanna, en hann sveiflast nokkuð eftir árum. Á mynd 3 má sjá hlutfall allra umsókna og veittra styrkja á milli kynja og til félaga.

Mynd 3



Þá er ljóst að þeir sem leiddu verkefni sem fengu styrk voru einnig mun oftar konur, en algengast var að kynin ynnu saman að verkefnum. Þau verkefni þar sem fleiri konur unnu að verkefnum voru 27-33% verkefna, en verkefni með fleiri körlum voru 1-7%.

Mynd 4



Mögulegar skýringar á kynjahalla

Hlutfall starfandi listafólks og styrkja til mismunandi listgreina

Kynjahallinn endurspeglar ekki hlutfall starfandi listafólks á Íslandi þegar litið var heilt yfir meðlimi Bandalags íslenskra listamanna (BÍL). Nýjustu tölur um félagsaðild þeirra félaga sem voru í BÍL sem finna mátti á vef Hagstofunnar sýndu að skráðir meðlimir voru 49% karlar og 51% konur, en áhugavert er að þetta hlutfall hafði breyst nokkuð frá síðustu könnun árið 2012 þegar 53% meðlima voru karlar og 47% konur.

Þegar rýnt var í tölurnar frá Hagstofunni sást að kynjahlutfallið var mjög mismunandi á milli listgreina. Það voru áberandi fleiri karlar í félögum sem tengjast arkitektúr, kvikmyndagerð og sköpun í tónlist. Konur voru mun fleiri meðal dansara, leikara, tónlistarflytjenda og myndlistarmanna.

Tafla 1

Félög BÍL 2018 (nýjustu tölur)	Alls	Karlar		Konur	
Alls	4546	2246	49%	2300	51%
Arkitektafélag Íslands	357	216	61%	141	39%
Danshöfundafélag Íslands	23	3	13%	20	87%
Félag íslenskra hljómlistarmanna	678	383	56%	295	44%
Félag íslenskra leikara	518	207	40%	311	60%
Félag íslenskra listdansara	118	9	8%	109	92%
Félag íslenskra tónlistarmanna	174	63	36%	111	64%
Félag kvikmyndagerðarmanna (2017)	179	115	64%	64	36%
Félag leikmynda og búningahöfunda	66	28	42%	38	58%
Félag leikskálda og handritshöfunda	120	71	59%	49	41%
Félag leikstjóra á Íslandi	126	62	49%	64	51%
Félag tónskálda og textahöfunda	455	377	83%	78	17%
Rithöfundasamband Íslands	554	304	55%	250	45%
Samband íslenskra myndlistarmanna	873	218	25%	655	75%
Samtök kvikmyndaleikstjóra og handritahöfunda	71	52	73%	19	27%
Tónskáldafélag Íslands	79	60	76%	19	24%
Félag íslenskra landslagsarkitekta	82	37	45%	45	55%
Félag íslenskra samtímaljósmyndara	38	18	47%	20	53%
Ljósmyndarafélag Íslands	35	23	66%	12	34%

Þá þótti vert að skoða hvort borgin hefði frekar styrkt þær listgreinar sem konur störfuðu við. Faghópur hvers árs skilaði með greinargerð sinni skiptingu á milli listgreina. Því miður hafði ekki verið stöðlun í því hvernig faghóparnir flokka verkefni eftir listgreinum og því ekki svo gott að bera árin saman. Árin 2020-2022 skiluðu faghóparnir bæði skiptingu fjölda styrkja og upphæða á milli listgreina, en árið 2019 einungis fyrir fjölda styrkja, ekki upphæðir.

Tafla 2

Hlutfall fjölda veittra styrkja og upphæða á milli listgreina							
	2019 fjöl.	2020 fjöl.	2020 upph.	2021 fjöl.	2021 upph.	2022 fjöl.	2022 upph.
Sviðslist, leiklist, dans	22%	20%	24%	30%	22%	27%	22%
Tónlist	40%	39%	32%	32%	37%	39%	37%
Myndlist, hönnun, grafík, ljósmyndun	16%	21%	17%	14%	12%	15%	12%
Hönnun og arkitektúr				11%	6%	9%	12%
Dans	4%						
Kvikmyndir	1%	10%	21%	5%	8%		
Ritlist, bókmenntir og útgáfa	5%	5%	5%	3%	8%	5%	2%
Þjóðmenning	8%						
Handverk	4%						
Annað og þverfaglegar hátiðir		5%	1%	5%	7%	5%	15%

Sem dæmi um mismunandi skráningar milli ára voru kvikmyndir ekki settar í sérflokk árið 2022, en þó voru veittir styrkir til kvikmyndalistar það árið, en það flokkast undir annað. Skiptingin var því miður ekki nógu góð til að hægt væri að bera hana saman við hlutfall milli listafólks í mismunandi félögum BÍL.

Því var velt upp að konur í sviðslistum og tónlist virtust oftara vera flytjendur og karlar í sköpun, sbr. fjölda leikstjóra og tónskálda miðað við fjölda t.d. dansara, leikara og tónlistarflytjenda. Flestir styrkir borgarinnar voru viðburðatengdir og en ekki ætlaðir til að skapa listaverk. Borgin styrkti þá lokaafurðina s.s. sýningu, tónleika, hátíðir o.s.frv. Leiða má að því líkum að ef borgin myndi styrkja oftara frumsköpun myndu fleiri karlar sækja um og fá styrki, en þó er ekki hægt að alhæfa um það.

Hlutfall þeirra sem starfa í menningargeiranum utan listamanna

Til að skoða af hverju niðurstöðurnar sýndu að algengara var að konur en karlar ynnu að styrktum verkefnum var gerð tilraun til að skoða hvort konur væru líklegri til að vinna að stjórnun í menningar- og listtengdum verkefnum. Erfitt var að greina með öyggjandi hætti hvort fleiri konur en karlar störfuðu í menningu og listum þegar listamenn voru undanskildir.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru mjög jöfn kynjahlutföll meðal þeirra sem störfuðu við skapandi listir og afþreyingu árin 2018-2021, sjá töflu 3. Þar var þó ekki hægt að greina á milli listamanna og þeirra sem styðja við listamenn. Ef horft var til safna og annarrar menningarstarfsemi var hins vegar munur á milli kynja, þar sem karlmenn voru einungis um þriðjungur þeirra sem störfuðu í atvinnugreininni.

Tafla 3

Starfandi í atvinnugreinum menningar samkvæmt skrá m eftir kyni og aldri 2018-2021 skv. Hagstofu Íslands	Alls	Karlar	Konur
2018			
Skapandi listir og afþreying (90)	1.104	581	523
Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi (91*)	793	255	537
2019			
Skapandi listir og afþreying (90)	1.107	562	544
Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi (91*)	841	276	564
2020			
Skapandi listir og afþreying (90)	1.011	516	494
Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi (91*)	845	272	573
2021			
Skapandi listir og afþreying (90)	1.077	546	530
Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi (91*)	850	283	567

Til frekari greiningar var skoðaður fjöldi starfsmanna á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkur og fjöldi þeirra sem útskrifuðust úr meistaranámi í menningarstjórnun frá Bifröst, en það er eina háskólanámið á Íslandi sem snýr sérstaklega að stjórnun í menningu.

Starfsmenn menningar- og ferðamálasviðs í júní árið 2022 voru 122 konur, 40 karlmenn og enginn af öðru kyni skv. upplýsingum frá mannauðsstjóra. Voru því konur 75% starfsmanna sviðsins. Útskrifaðir nemendur úr meistaranámi í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst árin 2020-2022 voru 14% karlar en 86% konur skv. yfirliti yfir útskrifaða nemendur á vefsíðu skólans.

Þó svo að þessar tölur hafi ekki getað endurspeglað heildarhlutfall þeirra sem störfuðu í menningargeiranum utan listamanna, þá gáfu þær ákveðnar vísibendingar um það að mun fleiri konur störfuðu við menningarstjórnun en karlar. Það er því eðlilegt að það endurspeglar í fjölda þeirra sem framkvæmdu þau verkefni sem styrkt voru af borginni og sá um að sækja um styrki fyrir hönd listhópa sbr. spurningu í umsóknarforminu um hverjir munu vinna að verkefninu (sjá mynd 4 og töflu 6).

Faghópur

Hlutfall milli karla og kvenna í faghópi um úthlutun styrkja til menningar og lista var jafnt árin 2019 – 2022 og því ekki hægt að sjá að kyn þeirra sem voru í faghópnum hefði haft áhrif á úthlutun.

Tafla 4

Faghópur				
	2019	2020	2021	2022
Konur	2	2	3	3
Karlar	3	3	2	2
Kvár/önnur kyn	0	0	0	0

Umsóknarform

Í umsóknarforminu var ekki spurt um kyn, en þar var spurt:

Hverjir hafa helst hag af styrknum? Svarmöguleikar:

- Bæði kynin jafnt
- Fleiri konur en karlar
- Aðallega konur
- Fleiri karlar en konur
- Aðallega karlar

Hverjir munu vinna að verkefninu? Svarmöguleikar:

- Bæði kynin jafnt
- Fleiri konur en karlar
- Aðallega konur
- Fleiri karlar en konur
- Aðallega karlar

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun) – opin spurning

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar? – opin spurning

Eins og fram hefur komið hér að ofan voru nánast engir umsækjendur sem völdu svarmögu-leikanna „fleiri karlar en konur“ eða „aðallega karlar“, eða einungis 1-3% og 1-7%. En umsækjendur sem svöruðu „fleiri konur en karlar“ eða „aðallega konur“ voru 9-22% og 27-33%.

Auglýsingar

Auglýsingar eftir umsóknir um styrki úr borgarsjóði voru nánast eins öll árin 2019-2022. Sjá má auglýsingu ársins 2022 hér <https://reykjavik.is/frettir/styrkir-reykjavikurborgar-vegna-starfsemi-arinu-2022> Þar segir „*Vakin er athygli á því að við afgreiðslu styrkumsókna er horft sérstaklega til þess hversu vel umsóknir falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum að innleiðingu á kynjaðri starfs og fjárhagsáætlun.*“ Þetta má teljast nokkuð skrítið orðalag þar sem varla má gera ráð fyrir að t.d. listafólk sem er stærsti hópur þeirra sem sækja um þennan styrk séu með á hreinu hvað felst í „innleiðingu á kynjaðri starfs og fjárhagsáætlun“. Ef tilgangurinn er að verkefnin efli jafnrétti kynjanna þarf að útskýra betur við hvað er átt.

KFS greining á styrkveitingum 2012

Niðurstöður 2012

Frá árinu 2007 til 2011 var merkjanleg og stígandi aukning á hlut kvenna í styrkjaumsóknum og styrkveitingum menningar- og ferðamálaráðs hvað varðar:

- fjölda umsókna
- heildarupphæð umsókna
- meðalupphæð umsókna
- heildarupphæð úthlutunar
- meðalupphæð úthlutunar

Árið 2007 var hlutfall kvenna í minnihluta bæði í umsóknum og úthlutunum. Þá voru karlar fleiri en konur bæði í faghópi og fagraði og karl í sæti formanns á báðum stöðum. Þegar samsetningin breytist árið 2008 fór úthlutunin að breytast konum í vil. Þá ályktuðu skýrsluhöfundar að af gögnunum mætti leiða líkur að því að samsetning ráða og faghópa hafði áhrif á úthlutun. Hins vegar var ekki reiknuð út tölfræðileg marktækni.

Á árunum 2007 til 2011 jókst:

- Hluttur kvenna í fjölda umsókna m.v. karla úr 49% í 55%.
- Heildarupphæð umsókna kvenna m.v. karla úr 45% í 58%.
- Meðalupphæð umsókna kvenna m.v. karla úr 46% í 52%.
- Heildarupphæð úthlutunar til kvenna m.v. karla úr 47% í 63%.
- Meðalupphæð úthlutunar til kvenna m.v. karla úr 48% í 58%.

Aðgerðir

Í skýrslu um greiningu á styrkjum frá árinu 2012 kemur fram:

„Mælst er til að faghópi verði sérstaklega falið að hafa Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar til hliðsjónar við yfirferð umsókna. Tilgreina má í styrkjareglum borgarinnar, auglýsingum borgarinnar og verklagsreglum ráðsins að leitast sé við að hafa jafnræði kynjanna í heiðri.“

Farið var í aðgerðir til að breyta umsóknarformi og úthlutunum um styrki:

- Mannréttindastefna Reykjavíkur höfð til hliðsjónar í úthlutunum.
- Umsóknaraðilum gert að skrá hlutfall karla og kvenna í verkefnum.

- Sett inn ákvæði um jöfn kynjahlutföll í faghópi í verklagsreglur.

Í verklagsreglum um menningarstyrki fyrir árið 2022 kemur fram:

„Við skipun í faghóp skal taka mið af II. kafla stjórnslulaga um sérstakt hæfi (sjá aftast). Sama gildir ef hópurinn hefur hafið störf og spurning um vanhæfi kemur upp. Jafnframt ber að gæta að jöfnum kynjahlutföllum og að skipan fulltrúa endurspegli þann fjölbreytta hóp sem starfar innan BÍL og Hönnunarmiðstöðvar.“ [...] og við mat á umsóknum eru umsóknir metnar út frá „því hve vel þær falla að mannréttindastefnu og jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun“

Greining út frá öðrum þáttum mannréttindastefnunnar en kynjum

Eins og kom fram hér í upphafi var ekki hægt að greina styrkúthlutanir út frá öðrum þáttum mannréttindastefnu Reykjavíkur en kynjum, þar sem gagnasöfnun í umsóknarformi nær ekki til þeirra þátta. En ef skoða á fjölbreytileika og aðgengi ólíkra hópa að styrkjum borgarinnar þarf að hafa í huga að þó að auglýst sé eftir styrjum bæði á íslensku og ensku er umsóknarform um styrki einungis á íslensku og hvorki í auglýsingu né í inngangstexta í umsóknarforminu kemur fram að svara megi spurningunum á ensku.

Árið 2020 veitti borgin styrki til listamanna sem viðspyrnu við áhrifum Covid-19 á listir sem atvinnugrein. Umsóknir um þá styrki fóru fram í gegn um tölvupóst og ekki í því formi sem borgarsjóður notar á Betri Reykjavík. Var þá ekkert umsóknarform, en umsækjendur beðnir um að veita ákveðnar upplýsingar í auglýsingu um styrki. Þar sem umsóknarformið var ekki staðlað er erfitt að taka saman tölfræðilegar upplýsingar um umsækjendur, en þáverandi skrifstofustjóri menningarmála, Sif Gunnarsdóttir, hafði orð á því að mun fjölbreyttari umsóknir bárust en venjulega, bæði hvað varðar verkefni en einnig umsækjendur. Mun fleiri sendu t.d. inn umsóknir á ensku. Það gefur því ákveðnar vísbendingar um að með breyttu formi auglýsinga og umsóknarferlis mætti fá fjölbreyttari umsóknir. Núverandi skrifstofustjóri menningarmála, María Rut Reynisdóttir, hefur m.a. bent á að aðrir styrktarsjóðir menningar erlendis hafi opnað fyrir ólíkar leiðir til umsókna. Þar getur fólk t.d. sent inn myndband eða hljóðupptöku í stað texta. Þá þyrfti að tryggja stöðlun á að bakgrunnsupplýsingar séu fylltar út fyrir tölfræðilega greiningu og stöðlun á hvaða upplýsingar þyrftu að koma fram í umsókninni, en umsóknin sjálf væri í frjálsum formi. Þessi leið gæti opnað dyr fyrir þau sem eiga erfitt með textavinnu.

Talnegögn

Tafla 5

ALLAR UMSÓKNIR Í ÁRLEGAN STYRKJAPOTT

Allar umsóknir	2019	2020	2021	2022	Meðaltal
Umsækjandi kk	13%	19%	17%	10%	15%
Fjöldi umsókna kk	21	31	27	16	24
Umsækjandi kvk	35%	33%	33%	33%	34%
Fjöldi umsókna kvk	56	53	53	52	54
Umsækjandi félag	52%	47%	50%	57%	52%
Fjöldi umsókna félag	82	75	80	91	82
Fjöldi umsókna	159	227	180	150	179

Tafla 6

VEITTIR STYRKIR ÚR ÁRLEGUM STYRKJAPOTTI

Umsækjandi - veittir styrkir	2019	2020	2021	2022	Meðaltal
Styrkþegi kk - hlutfall	8%	11%	12%	13%	11%
Fjöldi styrkþega kk	6	10	10	7	8
Styrkþegi kvk	32%	34%	22%	20%	27%
Fjöldi styrkþega kvk	24	25	17	15	20
Styrkþegi félag	59%	54%	66%	67%	62%
Fjöldi styrkþega félag	44	40	49	50	46
Fjöldi veittra styrkja	74	89	84	55	76
Árangurshlutfall	2019	2020	2021	2022	Meðaltal
Umsækjandi kk	29%	23%	33%	47%	33%
Umsækjandi kvk	43%	41%	32%	22%	34%
Umsækjandi - félag	54%	46%	62%	43%	51%
Allar umsóknir	47%	39%	47%	37%	42%
Hverjir hafa helst hag af styrknum	2019	2020	2021	2022	Meðaltal
Fleiri karlar en konur / aðallega karlar	1%	3%	1%	2%	2%
Fleiri konur en karlar / aðallega konur	22%	20%	9%	15%	17%
Bæði kynin jafnt	76%	76%	89%	84%	81%
Hverjir munu vinna að verkefninu	2019	2020	2021	2022	Meðaltal
Fleiri karlar en konur / aðallega karlar	7%	1%	2%	5%	4%
Fleiri konur en karlar / aðallega konur	33%	27%	31%	27%	30%
Bæði kynin jafnt	60%	72%	67%	67%	66%

Tafla 7

VEITIR STYRKIR ÚR ÁRLEGUM STYRKJAPOTTI - FJÁRMAGN

Heildarupphæð úthlutunar	2019	2020	2021	2022	Meðaltal
Upphæð kk	3.150.000	4.250.000	3.600.000	4.300.000	3.825.000
Upphæð kvk	12.508.000	10.900.000	7.950.000	7.100.000	9.614.500
Upphæð Félag	33.730.000	28.700.000	33.650.000	33.200.000	32.320.000
Heildarupphæð úthlutunar	49.388.000	43.850.000	45.200.000	44.600.000	45.759.500
Raunúthlutun	48.938.000	46.500.000	45.100.000	42.600.000	45.784.500
Meðalúthlutun	2019	2020	2021	2022	Meðaltal
Meðalúthlutun kk	525.000	425.000	360.000	614.286	481.071
Meðalúthlutun kvk	521.167	351.613	418.421	645.455	484.164
Meðalúthlutun félag	766.591	585.714	600.893	897.297	712.624
Meðalúthlutun allir	604.253	454.109	459.771	719.013	559.286
Hlutfall fjármagns af heildarúthlutun	2019	2020	2021	2022	Meðaltal
Hlutfall af heildarupphæð kk	6%	10%	8%	10%	8%
Hlutfall af heildarupphæð kvk	25%	25%	18%	16%	21%
Hlutfall af heildarupphæð Félag	68%	65%	74%	74%	71%